# RVK-42008 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_ UUA2605002_

| | |
|---|---|
| Móttekið | 6.5.2026 08:53:30 |
| Búið til dags. | 6.5.2026 09:15:20 |
| Tilheyrir | USK26050053 - Stjórnsýslukæra UUA2605002 - Grensásvegur 46, samþykkt að innrétta veitingastað |
| Frá | Upplýsingar - Pósthólf Símaver (upplysingar@reykjavik.is) |
| Til | skjalastyring@reykjavik.is |

Innihald

uua@uua.is **has just sent this issue**

Reykjavík / RVK-42008

Beiðnin var stofnuð 05.05.2026 14:56

## Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. UUA2605002.

---

**Diljá - Í dag 08:52**

Góðan dag,
áframsendi

---

**Upphafleg beiðni:**

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 4. maí 2026 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar dagsett 31. mars 2026 um að samþykkja leyfi til að innrétta veitingastað í flokki I, tegund c, móttökueldhús og matsal fyrir 100 gesti ásamt tilheyrandi snyrtingum og starfsmannaðstöðu í rými 0101 í húsi á lóð nr. 46 við Grensásveg.

Frestur til að koma að athugasemdum vegna kærumálsins er **15 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar** með vísan til 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Óskast staðfest um móttöku.


Með kveðju f.h.
nefndarinnar **Ólöf Harðardóttir**
**skrifstofumaður**
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Ísland
Sími / Tel: (+354) 5758710, símatími kl. 10-12
www.uua.is - [ Fyrirvari/Disclaimer



https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cupplysingar%40reykjavik.is%7C54b85688e325456348a508deaab65df8%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C639135897901574123%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMiIsIkFOIjoiTWFpbCIsIldUIjoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=950MQzSYfZiz4ZTKZeNFw3kAKWMoLy%2F8z515B35Sb5w%3D&reserved=0]


| |


Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.


---

**Samskipti í beiðni:**

**uua@uua.is - Í gær 14:56**

%28fskj.1%29+Leigusamningur-Grens%C3%A1svegur+44-48+og+Sk%C3%A1lager%C3%B0i+4-6.pdf *(450 kB)*

%28fskj.+2%29+2026+01+05+Athugasemdir+v+grenndarkynningar_Grens%C3%A1svegur+46.pdf *(170 kB)*

%28fskj.3%29+Grens%C3%A1svegur+46-+A%C3%B0aluppdr%C3%A1ttur.pdf *(1.02 MB)*

%28fskj.+4%29+Svar+vi%C3%B0+fyrirspurn+um+verkefni+tengd+kaffistofu+Samhj%C3%A1lpar-%C3%8DHS.pdf *(276 kB)*

2026+04+30+Umbo%C3%B0+k%C3%A6ra+UUA_%C3%9E%C3%B3runn+Sara+Gu%C3%B0brandsd%C3%B3ttir+%281%29+%281%29.pdf *(94 kB)*

2026+04+30+Umbo%C3%B0+k%C3%A6ra+UUA_Elmar+Orri+Gunnarsson+og+Sigr%C3%BAn+R%C3%B3sa+Hr%C3%B3lfsd%C3%B3ttir+%281%29.pdf *(138 kB)*

2026+04+30+Umbo%C3%B0+k%C3%A6ra+UUA_Sonja+Br%C3%B6dsgaard+Gu%C3%B0nad%C3%B3ttir+%281%29+%281%29.pdf *(93 kB)*

2026+05+04+Grens%C3%A1svegur+k%C3%A6ra+%C3%9AUA+-Sk%C3%A1lager%C3%B0i+4+og+6.pdf *(289 kB)*

K%C3%A6ra+til+%C3%BArskur%C3%B0arnefndar+umhverfis-+og+au%C3%B0lindam%C3%A1la.pdf *(21 kB)*

---

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: **uua@uua.is**


This email was sent by the Email This Issue Cloud addon

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

*4.5.2026 19:13*

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda.Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | Sonja Brödsgaard Guðnadóttir |
| Kennitala | 2102852459 |
| Heimilisfang | Skálagerði 4 |
| Póstnúmer | 108 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | 8602338 |
| Netfang | marena@logos.is |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.Upplýsingum um félagafjölda.Samþykktum félagsins.Nýjustu ársskýrslu.Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 1. Kærandi/kærendur[2]

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda.Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | Elmar Orri Gunnarsson |
| Kennitala | 2011882029 |
| Heimilisfang | Skálagerði 6 |
| Póstnúmer | 108 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | 8602338 |
| Netfang | marena@logos.is |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.Upplýsingum um félagafjölda.Samþykktum félagsins.Nýjustu ársskýrslu.Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 1. Kærandi/kærendur[3]

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda.Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | Sigrún Rósa Hrólfsdóttir |
| Kennitala | 2604982159 |
| Heimilisfang | Skálagerði 6 |
| Póstnúmer | 108 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | 8602338 |
| Netfang | marena@logos.is |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.Upplýsingum um félagafjölda.Samþykktum félagsins.Nýjustu ársskýrslu.Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 1. Kærandi/kærendur[4]

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda.Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | Þórunn Sara Guðbrandsdóttir |
| Kennitala | [redacted] |
| Heimilisfang | [redacted] |
| Póstnúmer | 108 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | [redacted] |
| Netfang | [redacted] |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.Upplýsingum um félagafjölda.Samþykktum félagsins.Nýjustu ársskýrslu.Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

| | |
|---|---|
| Fullt nafn | Maren Albertsdóttir |
| Kennitala | [redacted] |
| Heimilisfang | [redacted] |
| Póstnúmer | [redacted] |
| Sími | [redacted] |
| Netfang | [redacted] |
| Umboð | 2026 04 30 Umboð kæra UUA_Sonja Brödsgaard Guðnadóttir (1) (1).pdf |

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

| | |
|---|---|
| | Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista |
| Efni kærunnar | |
| Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun | Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar |
| Dagsetning ákvörðunar | 31.03.2026 |
| Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar) | Ákvörðun var birt 1. apríl 2026 og er því send innan kærufrests, sbr. einnig 8. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. |

## 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tilteknar framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

| | |
|---|---|
| | Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista |

## 5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

| | |
|---|---|
| | Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista |

## 6. Kærufrestur

| | |
|---|---|
| Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun | |
| | Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista |

## 7. Rökstuðningur fyrir kæru

| | |
|---|---|
| | Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista |

## 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

| | |
|---|---|
| | Já |

Kærendur er meðvitaðir um að sama ákvörðun hefur þegar verið kærð til úrskurðarnefndarinnar auk þess sem eigendur og rekstraraðilar að Grensásvegi 44-48 sem er í sama húsi og fyrirhuguð starfsemi hafa einnig sent inn sambærilega kæru.

## 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Kæruskjal |
| Númer skjals: | 0 |
| Fylgiskjal | 2026 05 04 Grensásvegur kæra ÚUA -Skálagerði 4 og 6.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[2]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Fylgiskjal 1 Leigusamningur |
| Númer skjals: | 1 |
| Fylgiskjal | (fskj. 1) Leigusamningur -Grensásvegur 44-48 og Skálagerði 4-6.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[3]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Fylgiskjal 2 Athugasemdir v grenndarkynningu |
| Númer skjals: | 2 |
| Fylgiskjal | (fskj. 2) 2026 01 05 Athugasemdir v grenndarkynningar_Grensásvegur 46.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[4]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Fylgiskjal 3 Aðaluppdráttur |
| Númer skjals: | 3 |
| Fylgiskjal | (fskj. 3) Grensásvegur 46 - Aðaluppdráttur.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[5]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Fylgiskjal 4 |
| Númer skjals: | 4 |
| Fylgiskjal | (fskj. 4) Svar við fyrirspurn um verkefni tengd kaffistofu Samhjálpar-ÍHS.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[6]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Umboð Elmar Orri og Sigrún |
| Númer skjals: | 5 |
| Fylgiskjal | 2026 04 30 Umboð kæra UUA_Elmar Orri Gunnarsson og Sigrún Rósa Hrólfsdóttir (1).pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti[7]

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---|---|
| Lýsing skjals | Umboð Þórunn |
| Númer skjals: | 6 |
| Fylgiskjal | 2026 04 30 Umboð kæra UUA_Þórunn Sara Guðbrandsdóttir (1) (1).pdf |

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2026
USK26050053

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í máli nr. UUA2605002, kæra Sonju Brödsgaard Guðnadóttur, Elmars Orra Gunnarssonar og Þórunnar Söru Guðbrandsdóttur, Skálagerði 4 og 5, dags. 4. maí 2026 og í máli USK26050042, kæra Arnbjarnar Lindu Jóhannsdóttur, Egils Kolbeinssonar og GRB ehf., rekstraraðila að Grensásvegi 44 og 48.**
**Í framangreindum kærum er kærð ákvörðun um veitingu byggingarleyfis í rými 0101 í húsi nr. 46. við Grensásveg.**

**Málavextir**
Vísast til fyrri umsagna í málum UUA2604002, UUA2604003 og UUA04016.

Kærendur í þessu máli eru einnig kærendur í fyrri málum.

**Kröfugerð og málsástæður**
Kærendur krefjast þess að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 31. mars 2026, málsnúmer USK25100211, um samþykkt á leyfi til þess að innrétta veitingastað í flokki I, tegund c, móttökueldhús og matsal fyrir 100 gesti ásamt tilheyrandi snyrtingum og starfsmannaaðstöðu í rými 0101 í húsi á lóð nr. 46 við Grensásveg, 108 Reykjavík. Málsástæður og lagarök eru vel rakin í kæru og vísast til hennar.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfum kærenda verði hafnað.

**Afstaða Reykjavíkurborgar**
Útgefið byggingarleyfi er fyrir veitingastað, þ.e. móttökueldhús og matsal fyrir 100 gesti. Grensásvegur 46 er á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði (VÞ11) skv. AR2040, sbr. gr. 6.2.c í skipulagsreglugerð. Grensásvegur-Gerði telst til hverfiskjarna sem skilgreindur er sem verslun og þjónusta.

> Hverfiskjarnar
> Kjarni með stærri matvöruverslunum og fjölbreyttri verslun og þjónustu sem þjónar heilu hverfi. Veitingarstaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I-III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga. Samfélagsþjónusta er heimil auk þrifalegrar atvinnustarfsemi. […][1]

Þegar sótt er um byggingarleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir, eins og aðstæður eru í þessu máli, getur skipulagsfulltrúi

[1] Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, III. kafli *Landnotkun og önnur ákvæði um uppbyggingu og þróun byggðar*, undirkafli 5. *Verslun og þjónusta, Hverfiskjarnar,* bls. 92.

Reykjavík

ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hugtökin *landnotkun*, *byggðamynstur* og *þéttleiki byggðar* eru skilgreind í 1.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Samkvæmt ákvæðinu tekur *byggðamynstur* til lögunar og yfirbragðs byggðar, þ.m.t. fyrirkomulags byggðar og landnotkunar, s.s. hæðar og þéttleika, tegund landnotkunar, gatnakerfis, gerðar og uppröðunar bygginga. Hugtakið *landnotkun* vísar til ráðstöfunar lands til mismunandi nota, s.s. undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað. Loks felur hugtakið *þéttleiki byggðar* í sér fyrirmæli um byggingarmagn miðað við flatarmál lands sem m.a. er lýst með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

Byggingarleyfisumsóknin fól ekki í sér breytingu á landnotkun, frá því sem þegar er heimilt í AR2040, aukningu byggingarmagns, sem hefði áhrif á þéttleika byggðar á svæði, eða breytt byggðamynstur. Skilyrði 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga um samþykkt byggingaráforma án deiliskipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu eru því uppfyllt. Í ljósi framangreinds var það ákvörðun skipulagsfulltrúa á afgreiðslufundi, dags. 18. nóvember 2025, að umrædd byggingarleyfisumsókn skyldi grenndarkynnt, sbr. a- lið 2. gr. viðauka 2.3. um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Í kæru er að því vikið að almannahagsmunir kalli á aðra málsmeðferð, sbr. 5.9.1. gr. skipulagsreglugerðar. Einnig er fjallað um að líta megi á starfsemi Kaffistofu Samhjálpar á sama hátt og starfsemi stakra búsetuúrræða sem almennt krefjast heimildar í deiliskipulagi. Ekki er tekið undir þessi sjónarmið, þ.e. að starfsemi Kaffistofu Samhjálpar varði almannahagsmuni eða að hún sé sambærileg búsetuúrræðum sem starfa og krefjast gæslu allan sólahringinn.

Líkt og áður hefur komið fram er ekki í gildi deiliskipulag á svæðinu sem um ræðir. Í kæru er því hins vegar haldið fram að það sé ekki rétt vegna þess að í Borgarvefsjá sé skjal merkt *Deiliskipulag.* Skjalið sem opnast er hins vegar teikning af einu húsi ásamt sneiðingu, útliti og afstöðumynd frá árinu 1990. Þetta er vissulega óheppileg skjalavistun í Borgarvefsjá en ekki er um samþykkt deiliskipulag að ræða. Benda má þó á að þegar byggingarleyfisumsókn er í samræmi við heimildir deiliskipulags þá er ekki þörf á grenndarkynningu eða nýju deiliskipulagi svo unnt sé að samþykkja byggingarleyfi.

Kærendur telja að ógilda megi ákvörðunina á þeim forsendum að ekki liggi fyrir í málinu samþykki sameigenda en slíkt er áskilið með umsókn um byggingarleyfi ef sótt er um breytta notkun á rými í fjölbýlishúsi. Fyrir liggur hinsvegar að rýmið sem um ræðir er skráð sem atvinnuhúsnæði og því er ekki um breytta notkun að ræða og ekki þörf á samþykki meðeigenda eða meðlóðarhafa.

Í kæru er því haldið fram að fyrirhuguð starfsemi geti ekki talist rétt flokkuð sem veitingastaður í flokki I. Kærendur telja að starfsemi Kaffistofu Samhjálpar verði að flokka sem veitingastað í flokki III, með vísan í 17. gr. reglugerðar 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Megin munurinn á flokki I annars vegar og flokkum II-III skv. reglugerðinni er hins vegar sala áfengisveitinga. Í ljósi þess að ekki stendur til að sækja um rekstrarleyfi fyrir áfengisveitingastað verður ekki séð að um rangan texta sé að ræða á umsókn um byggingarleyfi.

Rétt er þá að benda á hér að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald fjallar einungis um veitingastaði þar sem framreiddur er matur og/eða drykkur í atvinnuskyni, sbr. 14. gr. reglugerðarinnar. Kaffistofa Samhjálpar hyggst ekki selja mat eða drykki og mun því ekki sækja um rekstrarleyfi til sýslumanns á grundvelli reglugerðar 1277/2016. Starfsemi kaffistofu Samhjálpar mun hins vegar þurfa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 en viðeigandi reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti flokkar veitingastaði ekki á sama hátt og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Samkvæmt hollustuháttareglugerð nr. 903/2024 er veitingastaður einfaldlega staður þar sem framreiddur er matur og/eða drykkur, þ.m.t. mötuneyti, en ekki er þar um nánari flokkun að ræða.

Meira máli skiptir þó nú að undirstika að ákvörðunin sem hér er kærð er samþykki og útgáfa byggingarleyfis. Leyfishafi sótti um leyfi til þess að breyta húsnæði þannig að það henti fyrir rekstur veitingastaðs í flokki I, tegund c. Móttökueldhús/mötuneyti sem selur ekki áfenga drykki telst almennt ekki veitingastaður í flokki III. Kærendur hafa af því áhyggjur að gestir Kaffistofu samhjálpar valdi samborgurum sínum mjög miklu ónæði sem muni valda því að starfsemin muni ekki geta starfað innan starfsleyfisskilyrða, en það er nokkrum vandkvæðum háð að fullyrða slíkt fyrirfram. Þessar áhyggjur og áhrif starfseminnar á nærumhverfið eru ávarpaðar í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. febrúar 2026.

Að lokum er rétt að ítreka að vísað er til fyrri umsagna borgarinnar í sama máli sem og umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 10. febrúar 2026.

**Niðurstaða**
Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kærenda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís Karlsdóttir Bergmann
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*
*Umhverfis- og skipulagssvið*